

Aðalfundur

*Félags verzlunar- og skrifstofufólks
Akureyri og nágrenni*

Mánudaginn 22. febrúar 2016



Dagskrá

1. Fundarsetning - kosning starfsmanna fundarins
2. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
3. Reikningar félagsins fyrir 2015
4. Lýst stjórnarkjöri
5. Kosningar - löggilts endurskoðanda félagsins -kjörstjórnar
6. Framlag í vinnudeilusjóð
7. Laun stjórnar, trúnaðarráðs og stjórnar sjúkrasjóðs
8. Reglugerð fyrir orlofssjóð
9. Reglugerð fyrir vinnudeilusjóð
10. Önnur mál

Efnisyfirlit	bls.
Dagskrá	2
Skýrsla stjórnar	4
Ársskýrsla stjórnar	5
Áritun óháðs endurskoðanda	22
Áritun skoðunarmanna	23
Yfirlit um rekstrarafkomu og efnahag	24
Rekstrarreikningur félagssjóðs	25
Efnahagsreikningur félagssjóðs	26
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs	27
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs	28
Rekstrarreikningur orlofssjóðs	29
Efnahagsreikningur orlofssjóðs	30
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs	31
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs	31
Samandreginn rekstrarreikningur	32
Samandreginn efnahagsreikningur	33
Sjóðstreymi	34
Skýringar og sundurliðanir	35
Reglugerð fyrir Orlofssjóð	40
Reglugerð fyrir Vinnudeilusjóð	41
Stjórn, skoðunarmenn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs	43

Skýrsla stjórnar

Megintilgangur félagsins

Félagið er stéttarfélag verslunar- og skrifstofumanna á Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu vestan Vaðlaheiðar.

Starfsemin á árinu

Starfsemi félagsins var með líku sniði og undanfarin ár. Í árslok voru fullgildir félagsmenn 2.366 talsins, 1.193 konur og 785 karlar, þar af voru 348 ekki gjaldskyldir.

Laun formanns félagsins námu á árinu 2015 kr. 7.765.270 og laun stjórnar og varastjórnar kr. 1.322.440.

Reikningsskilaaðferðir og fjárhagsstaða

Ársreikningur félagsins er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hagnaður félagsins kr. 29,6 millj. og eigið fé í árslok nam kr. 524,1 millj.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015.

Akureyri, 16. febrúar 2016

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

Ólafur Hjelmsson
Ólafur Hjartarson
Anna María Elíasdóttir
Sigríður Stefánía Stefánsd.
Jón J. Þorgeirsson

Ársskýrsla stjórnar

Starfssvæði félagsins

Starfssvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni er Akureyri, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu, ennfremur Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu. Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands, Landssambandi íslenskra verslunarmanna og Alþýðusambandi Íslands. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

Félagsgjald FVSA er 1% af launum.

Helstu styrkir úr félagssjóði	
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis	150.000.-
Fab Lab í Eyjafirði	150.000.-
Jólaaðstoð	400.000.-
Vegna útgáfu Verslunar- og viðskiptasögu Akureyrar	250.000.-
Aðrir styrkir	61.200.-

85 ára afmæli

Félagið hélt upp á 85 ára afmæli þann 2. nóvember. Opið hús var á skrifstofum félagsins á Akureyri og Siglufirði og var gestum og gangandi boðið upp á kaffi og afmælistertu í tilefni dagsins. Margir góðir gestir komu eins og sjá má á þessum myndum.



Félagatal og atvinnuleysi félagsmanna

Félagsmenn eru samtals 2.326. Þ.a. eru 1978 greiðandi og 348 lífeyrisþegar. Hlutföll á milli kynja skiptist þannig að konur eru 61% félagsmanna og karlar 39%. 664 félagsmenn eru á aldrinum 16 til 25 ára.

Atvinnuleysi meðal félagsmanna var minna í ár heldur en árið á undan. Að meðaltali greiddu 53 félagsgjöld af atvinnuleysisbótum til félagsins, flestir í mars (66) en fæstir í júlí (41).

Fulltrúar frá félaginu í stjórnnum

Erla Björg Guðmundsdóttir varamaður í stjórn Stapa

Eiður Stefánsson í stjórn LÍV, miðstjórn ASÍ, SVS, SV, Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina,

Jón G Rögnvaldsson í stjórn orlofsbyggðar Illugastöðum

Halldór Óli Kjartansson varamaður í stjórn Símei

Eydís Bjarnadóttir varamaður í stjórn Fjölsmiðjunnar

Fundir

Aðalfundur Stapa

Ársfundur Stapa var haldinn miðvikudaginn 29. apríl í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri. FVSA auglýsti eftir félagsmönnum sem greiða í Stapa til að vera fulltrúar félagsins og urðu þær Úlfhildur Rögnvaldsdóttir og Erla Björg Guðmundsdóttir fyrir valinu.

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 23. febrúar 2015. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir sem verið hefur formaður FVSA í 10 ár gaf ekki áfram kost á sér í stjórn félagsins og hætti því sem formaður á fundinum. Var hún kvödd með standandi lófaklappi og blómum.

Eiður Stefánsson tók við sem formaður félagsins. Úlfhildur kynnti skýrslu stjórnar og Hermann Brynjarsson endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins. Þá fór Eiður yfir kröfur félagsins og stöðuna í kjarasamningaviðræðum.



Félagsfundir

Fjórir félagsfundir voru haldnir á starfsárinu.

Mánudaginn 11. maí 2015 var haldinn almennur félagsfundur í Lionssalnum á 4. hæð Alþýðuhússins.

Þriðjudaginn 12. maí 2015 var haldinn almennur félagsfundur á skrifstofu stéttarfélaganna Eyrargötu 24b á Siglufirði. Einnig var haldinn almennur félagsfundur í Mímisbrunni á Dalvík sama dag.

Farið var yfir stöðu mála í kjaraviðræðum á fundunum. Þá voru útfærslur á verkfallsaðgerðum kynntar fyrir fundarmönnum ef af yrði. Einnig væntanlegar greiðslur úr verkfallssjóði. 12. maí hófst rafræn kosning um verkfallsaðgerðir og var framkvæmdin á henni kynnt. Nokkrar umræður urðu um þessi mál. Spurt var um hvort eitthvað væri í þessum samningum sem við værum að semja frá okkur, ýmsar spurningar komu úr salnum og var þeim svarað eftir bestu getu.

Miðvikudaginn 27. janúar 2016 var haldinn almennur kynningarfundur um nýjan kjarasamning í Lionssalnum 4. hæð Alþýðuhússins.

Farið var yfir nýgerðan kjarasamning lið fyrir lið, umræður urðu um samninginn og ýmis kjaramál almennt. Fyrirkomulag á atkvæðagreiðslu um nýgerðan kjarasamning var rædd en henni þarf að vera lokið fyrir 26. febrúar nk.



Frá vinstri: Anna María Elíasdóttir – Varaformaður, Anna Kristín Árnadóttir - varamaður, Sigríður S. Stefánsdóttir – Ritari Einar Hjartarson – Gjaldkeri, Jón Grétar Rögnvaldsson – Meðstjórnandi, Agnes Reykdal – varamaður Eiður Stefánsson – Formaður og Halldór Óli Kjartansson – varamaður

Stjórnarfundir

1. fundur – 5. mars 2015

Fundurinn var settur af nýjum formanni, Eiði Stefánssyni. Fyrsta verk stjórnar var að kjósa varaformann, gjaldkera og ritara. Anna María Elíasdóttir var kosin varaformaður, Einar Hjartarson gjaldkeri, ritari varð Sigríður St. Stefánsdóttir og meðstjórnandi Jón Grétar Rögnvaldsson. Lögð var fram endurskoðunarskýrsla undirrituð af löggiltum endurskoðendum félagsins. Voru þeir mjög ánægðir með allt sem sneri að bókhaldi og reikningsskilum félagsins. Stjórnin samþykkti einnig tilboð í málningu á íbúðum félagsins í Mánatúni frá Hermanni Óla Finnssyni málarameistara. Að lokum var samþykkt að bjóða varamönnum og starfsmönnum að sitja stjórnafundi.

2. fundur – 20. apríl 2015

Samþykkt var að veita 250.000 kr. styrk til útgáfu á Verslunar- og viðskiptasögu Akureyrar. Einar Hjartarson og Halldór Óli Kjartansson voru skipaðir í ferðanefnd sem á að skipuleggja sumarferð félagsins í samvinnu við FMA, VM og SE. Jón G. Rögnvaldsson var skipaður í stjórn orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum fyrir hönd FVSA og Halldór Óli Kjartansson varamaður í stjórn Símey fyrir hönd FVSA.

Formaður fór yfir stöðuna í yfirstandandi kjarasamningaviðræðum. Einnig voru lögð fram drög að reglugerð fyrir vinnudeilusjóð sem aðalfundur þarf að samþykkja. Ef til verkfalls kæmi þyrfti að vinna eftir þessum drögum. Þau drög yrðu síðar kláruð fyrir næsta aðalfund. Þau Jón G. Rögnvaldsson, Anna Kristín Árnadóttir, Sigríður St. Stefánsdóttir og Eiður Stefánsson munu taka að sér að fara yfir og endurskoða þessa reglugerð.

3. fundur – 4. maí 2015

Formaður kynnti fyrir stjórnarmönnum væntanlegar verkfallsaðgerðir. Farið var yfir tillögur um greiðslur úr verkfallssjóði ef til verkfalls kæmi og voru þær samþykktar í stjórn. Þá samþykkti stjórnin að boða til félagsfunda á Akureyri, Siglufirði og Dalvík til að kynna fyrirhugað verkfall.

4. fundur – 26. maí 2015

Farið var yfir stöðuna í kjarasamningaviðræðunum. Eydís Bjarnadóttir sýndi breytingar á bústöðum félagsins á Illugastöðum þar sem öll húsgögn voru endurnýjuð og var almenn ánægja með þær breytingar. Guðlaug Óskarsdóttir kynnti svo þátttöku og niðurstöðu kosninga félagsins um verkfallsboðun. Halldór Óli Kjartansson varamaður í stjórn veitti aðstoð við að koma upplýsingum til félagsmanna en kjörsókn þótti, þrátt fyrir allt sem gert var, frekar dræm. Ferðanefndin kom með hugmyndir að ferðatilhögun sumarferðarinnar og kynntu hana fyrir stjórn. Samþykkt var að gefa þeim heimild til að halda áfram og kanna kostnað. Einnig var

ákveðið að halda opna kynningarfundum á Akureyri og jafnvel víðar og fá annað hvort formann VR eða formann LÍV til að kynna væntanlega kjarasamninga.

5. fundur – 24. júní 2015

Farið var yfir niðurstöður kosninga um nýgerðan kjarasamning. Ávöxtun á bankainnistæðum var til umræðu í stjórn og var samþykkt að færa 70.000.000 frá Landsbankanum yfir til Íslandsbanka þar sem hann bauð betri vexti. Ferðanefndin lagði fyrir kostnaðaráætlun fyrir sumarferðina 15. ágúst. Einn af heiðursfélögum félagsins Kolbeinn Helgason lést þann 11. júní og var hans minnst á fundinum. Halldór Óli kom með fyrirspurn um hvort félagið hefði í hyggju að semja við Flugfélag Íslands um niðurgreidd flugfargjöld. Hafa þau mál verið rædd áður og er málið í skoðun.

6. fundur – 3. september 2015

Á þessum fundi var 6 mánaða uppgjör lagt fram, það yfirfarið og samþykkt. Því næst voru íbúðakaup í Reykjavík rædd. Samþykkt var að sendinefnd skyldi fara til Reykjavíkur að skoða íbúðir. Kvartað hafði verið undan bergmáli í íbúðum í Mánatúni og einnig Skógarseli og kynnti Eiður sér lausnir á því. Sendinefndin skyldi einnig skoða það í ferð sinni suður. Vegna kvartana sem borist höfðu vegna Kötluholts var ákveðið að hætta leigu á því. Þá voru tvær styrkveitingar samþykktar, báðar upp á 150.000 kr. Önnur þeirra fór til Krabbameinsfélags Akureyrar og nágreinnis til kaupa á nýju ómtæki til skoðunar á brjóstameinum. Fóru hinn styrkurinn til Fab Lab í Eyjafirði vegna stofnunar félagsins. Hópurinn á bak við það eru fulltrúar frá VMA, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Akureyrarstofu.

7. fundur – 5. október 2015

Ákveðið var að halda upp á 85 ára afmæli FVSA þann 2. nóvember með opnu húsi og bjóða upp á kaffi og tertu. Þar áður, 23. október, skyldi halda kveðjuhóf fyrir Úlfhildi, fyrrum formann. Því næst var samþykkt að athuga með kaup á íbúð 309 í Mánatúni 13 og einnig að fá tilboð í hljóðdeyfilausnir frá Áltaki ehf. í eina af íbúðunum í Mánatúni 3. Var það gert til að bregðast við kvörtunum um bergmál.

Helgina áður var þing AN haldið á Illugastöðum og mættu 13 fulltrúar frá FVSA og greindi formaður frá því sem þar fór fram. Einnig sagði hann frá starfsmannaviðtölum sem fram höfðu farið á skrifstofunni og var samþykkt að halda starfsdag starfsfólks einu sinni á ári að vori til.

Rætt var um breytingar á eldhúsi skrifstofunnar sem hélst óbreytt eftir breytingar á skrifstofunni fyrir fjórum árum.

8. fundur – 9. desember 2015

Lagðar voru fram reglugerðir fyrir verkfalls- og orlofssjóð fyrir stjórnina sem voru samþykktar og verða þær lagðar fyrir aðalfund. Samþykkt var að halda aðalfundinn mánudaginn 22. febrúar. Á fundinum var ein styrkveiting samþykkt og rann sá styrkur (400.000 kr.) til sameiginlegra hjálparsamtaka.

Framboð á orlofshúsum, orlofsstyrkjum og útilegukortum fyrir sumarið 2016 var yfirfarið. Framboð orlofshúsa verður það sama og síðasta sumar að Kötluholti undanskildu. Þá var ákvörðun um leiguverð frestað fram í janúar. Farið var yfir lausafjárstöðu félagsins og samþykkt að hafa fjárfestingastefnuna óbreytt. Fjárhagsáætlun yrði svo lögð fram í janúar. Kannað verður hvort að félagssjóður, frekar en orlofssjóður verði eigandi að nýrri íbúð í Mánatúni 13. Einnig verður skoðað að færa fasteignir á raunvirði.

Nú verður fyrirkomulagi á greiðslu vegna styrkja breytt. Kvittanir þurfa að berast í síðasta lagi 29. desember, annars færast þær á styrki vegna næsta árs. Nefnd var skipuð sem fer yfir styrki til félagsmanna og mun hún skila inn tillögum um breytingar til stjórnar FVSA og stjórnar sjúkrasjóðs fyrir nóvemberlok 2016. Eiður Stefánsson, Jón G. Rögnvaldsson sitja í nefndinni og mun stjórn sjúkrasjóðs velja sinn fulltrúa.

9. fundur – 27. janúar 2016

Tilboð barst frá Leikfélagi Hörgdæla á sýninguna “Með vífið í lúkunum” þann 12. mars og var það samþykkt. Skrifstofan mun svo kanna verð í Grímseyjarferð sem farin verður í sumar.

Lagt verður fyrir aðalfund að laun fyrir fundarsetu verði 24.921 kr. sem er skv. Akureyrarbæ (lægri taxti).

Uppstillinganefnd kynnti lista fyrir starfsárið 2016-17 og var hann samþykktur á fundinum. Einnig var fjárhagsáætlun fyrir 2016 yfirfarin og samþykkt.

Farið var yfir nýgerðan kjarasamning, stjórnin fagnar þessum samningi og hvetur félagsmenn til að kjósa. Samþykkt var að skoða kostnað við að rita sögu félagsins.

10. fundur – 16. febrúar 2016

Hermann Brynjarsson endurskoðandi og félagslegir skoðunarmenn, Gylfi Pálsson og María Ingadóttir mættu á fundinn. Hermann fór yfir reikninga félagsins og útskýrði. Samþykkti stjórnin 8.000.000 kr. framlag úr félagssjóði í orlofssjóð.

Sumarferð 2016 var ákveðin og verður hún til Grímseyjar eins og kom fram á síðasta fundi. Farið verður föstudaginn 1. júlí. Tilboð í verð hefur fengist fyrir 60-130 manns á 18.000 kr. á mann og er matur innifalinn. Félagið mun greiða 3.000 kr. af verðinu.

Viðræður standa yfir milli stéttarféлага í Eyjafirði, Skagafirði og allt til Blönduóss um að ráða sameiginlegan eftirlitsfulltrúa undir yfirskriftinni “Einn réttur, ekkert svindl”. Samþykkt að

heimila formanni að vera með í umræðunni meðan kostnaður er innan ákveðins ramma. Lagt verður fyrir stjórn þegar endanleg kostnaðaráætlun liggur fyrir.

Fyrirhugaður er kynningafundur LÍV föstudaginn 26. febrúar n.k. um kjarasamninginn og reglur starfsmenntasjóðs SVS. Samþykkt að senda einn starfsmann.

Kvennaráðstefna ASÍ verður haldin dagana 14.-15. apríl og mun FVSA senda 5 fulltrúa.

Stórfundur aðila vinnumarkaðarins um nýtt samningamódel verður 7. maí n.k. og á FVSA 2 fulltrúa á fundinn.

Samþykkt að leggja til á aðalfundi að framlag í vinnudeilusjóð verði kr. 3.000.000 kr.

Fundir trúnaðarráðs

1. trúnaðarráðsfundur – 13. apríl 2015

Staðan í kjaraviðræðunum var rædd en frekar lítið virtist vera að gerast í þeim málum. Þar sem Trúnaðarráðið er samninganefnd félagsins þurfti það að taka afstöðu til þess hvort efna ætti til kosninga félagsmanna um verkfallsboðun. Samþykkti fundurinn samhljóða að veita stjórn félagsins heimild til að efna til kosninga um verkfall.

Einnig var ósamræmi sem mátti finna í kjarasamningi um veikindarétt hjá FVSA annars vegar og LÍV hins vegar rætt á fundinum sem og umræður um verkfallsvörslu ef til verkfalls kæmi.

2. trúnaðarráðsfundur 26. maí 2015.

Guðmundur L. Helgason var samþykktur sem formaður kjörstjórnar af trúnaðarráði. Farið var yfir stöðuna í kjarasamningaviðræðum, drög að hækkunum taxa og öðrum hækkunum. Gert var ráð fyrir að nýr samningur muni gilda til ársloka 2018. Þessum drögum fylgdi nokkur umræða og var ekki einróma ánægja með alla liði nýs samnings. Var formaður hvattur til að standa fast á sínu til að ná sem bestum árangri.

Mest óánægja var með lið um byrjunarlaun þar sem breyta átti aldurstengingu. Var formanni gefið leyfi að skrifa undir samning ef ekkert annað væri í boði.

Að lokum var rætt um bergmál og hávaða í húsinu í Skógarseli og samþykkt að skoða málið.

3. trúnaðarráðsfundur – 3. september 2015

Stjórn og trúnaðarráð komu saman til fundar. Fulltrúar á þing AN annars vegar og þing LÍV hins vegar voru valdir. Farið var yfir þær launahækkanir sem orðið hafa að undanfögnu hjá opinberum starfsmönnum miðað við þær hækkanir sem urðu á almenna vinnumarkaðnum, en þessi mál voru til umræðu hjá Miðstjórn ASÍ áður. Þá var gerð grein fyrir samþykktum sem gerðar voru á stjórnarfundum fyrr um kvöldið um styrkveitingar og hugsanleg kaup á íbúð í Reykjavík.

4. trúnaðarráðsfundur – 27. janúar 2016

Listi uppstillingarnefndar fyrir starfsárið 2016 -2017 var kynntur og samþykktur samhljóða. Farið var yfir nýgerðan kjarasamning, en atkvæðagreiðslu á að vera lokið fyrir 26. febrúar n.k.

Þing

Þing AN

34. þing Alþýðusambands Norðurlands fór fram dagana 2. og 3. október. Tæplega 90 fulltrúar frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi sátu þingið sem fram fór á Illugastöðum í Fnjóskadal.



Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra mætti á þingið og hélt góðan fyrirlestur um stöðuna í húsnæðismálum. Róbert Farestveit, hagfræðingur frá ASÍ og Marinó G. Njálsson, master í verkfræði og aðgerðarannsóknum,



héldu fyrirlestra þar sem þeir fjölluðu um spurninguna: Hefur fjölgun erlendra ferðamanna áhrif á vísitölu neysluverðs? Þá fjallaði Maríanna Traustadóttir frá ASÍ um Genfarskólann sem er félagsmálaskóli á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar. Hann hefur það hlutverk að kynna starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar - ILO og árlegt vinnumálaþing sem haldið er í Genf í Sviss. Að erindum loknum fóru þingfulltrúar á Þeistareyki og skoðuðu framkvæmdir á svæðinu og fengu kynningu á fyrirtækinu LNS Saga sem er stærsti verktakinn á svæðinu.

Þingið tókst í alla staði mjög vel og voru þrjár ályktanir og ein áskorun samþykktar samhljóða. Þessar ályktanir fjalla um húsnæðismál, ferðaþjónustu og vísitölu en í áskoruninni er gerð sú krafa til sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar að vinna bráðan bug á því ófremdarástandi sem er í

síma- og netsambandi á svæði Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum. Ályktanirnar þrjár og áskorunina má lesa á heimasíðu FVSA.

Þingfulltrúar FVSA voru:

- Eiður Stefánsson
- Anna María Elíasdóttir
- Guðmundur L. Helgason
- Helga Eymundsdóttir
- Guðbjörg Inga Ragnarsdóttir
- Guðlaug Óskarsdóttir

- Júlía G. Poulsen
- Erla Bjarnadóttir
- Sigríður Sigurþórsdóttir
- Margrét Brynjólfsdóttir
- Eydís Bjarnadóttir
- Stefán Jónsson
- Jónas Þór Sveinsson

Þing LÍV

29. þing Landsambands íslenskra verzlunarmanna (LÍV) var haldið dagana 16. - 17. október á Akureyri og sátu það 79 fulltrúar aðildarféлага sambandsins.



Þing LÍV kallaði eftir nýjum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga þar sem allir axli sína ábyrgð. Margir hópar hafi farið fram síðustu misseri og reynt að rétta sinn hlut, óháð því hvaða áhrif það hafi á aðra launahópa eða hagkerfið. Á því tapa allir, segir í ályktun þingsins.

Á þinginu var jafnframt samþykkt stuðningsyfirlýsing við kjarabaráttu starfsfólks Rio Tinto í Straumsvík sem hefur staðið mánuðum saman án þess að nokkur lausn sé í sjónmáli. Þá var einnig samþykkt ályktun um starfsmenntamál þar sem áhersla er lögð á mikilvægi raunfærnimats. Þar er hvatt til þess að fyrir 1. október á næsta ári liggi fyrir með hvaða hætti greitt verði fyrir hæfni sem metin er í starfi, eins og stefnt er að í bókun með síðustu kjarasamningum um mat á námi til launa.



Þá samþykktu þingfulltrúar ályktun um heilbrigðis- og húsnæðismál þar sem stjórnvöld voru m.a. hvött til að hverfa af braut aukinnar kostnaðarþátttöku almennings í læknis- og lyfjakostnaði.

Stjórn LÍV var endurkjörin á þinginu en í henni sitja:

Aðalstjórn

- Guðbrandur Einarsson – formaður LÍV
- Ólafía B. Rafnsdóttir – VR
- Páll Örn Líndal – VR
- Eiður Stefánsson – FVSA
- Kristín María Björnsdóttir – VR
- Gils Einarsson – VMS
- Benóný Valur Jakobsson – VR

Varamenn

- Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir – VR
- Elva Hrönn Hjartardóttir – VR
- Anna María Elíasdóttir – FVSA
- Bjarni Daníelsson – VR
- Hjörtur Geirmundsson - Vmf. Skagafjarðar
- Júnía Þorkelsdóttir – VR
- Bryndís Kjartansdóttir – VS

Þingfulltrúar FVSA voru: Eiður Stefánsson, Einar Hjartarson, Jón Grétar Rögnvaldsson, Erla Bjarnadóttir og Sigurlaug Hinriksdóttir.

Framkvæmdir félagsins

Ákveðið var á árinu að endurnýja húsgögn í húsum í eigu félagsins á Illugastöðum.




Mörg eru handtökin



Í mars voru allar íbúðirnar í Reykjavík málaðar og í tilraunaskyni til að koma í veg fyrir bergmál var ákveðið að koma fyrir hljóðdempandi plötum í einni þeirra.



Plöturnar komnar upp



Mikill fjöldi pappakassa fylgir framkvæmdum

Ný íbúð var afhent FVSA í desember og þá hófst vinna við að leggja gólfefni og síðan að koma fyrir nýju innbúi. Lauk þeirri vinnu í byrjun janúar 2016.

Orlofshús og orlofsmálin

Litlar breytingar voru á framboði orlofshúsa og íbúða á árinu. Eftirtalin hús voru til leigu sumarið 2015:

- 3 íbúðir í Reykjavík
- 2 hús á Illugastöðum
- Skógarsel Vaglaskógi
- hús á Einarstöðum
- hús í Flókalundi Vatnsfirði
- Miðhúsaskógur, Bláskógarbyggð
- Kötluholt í Biskupstungum




Félagið skipti einnig við VR á húsi nr. 12 á Illugastöðum og Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð. Því miður fóru kvartanir að berast vegna Kötluholts í Biskupstungu og tók stjórn FVSA ákvörðun að endurnýja ekki leigusamning fyrir árið 2016.

Í byrjun árs 2015 var gerður samningur við Sólar ehf. um þrif á íbúðunum í Reykjavík. Tók samningurinn gildi 1. mars 2015.

Íbúðirnar í Mánatúni voru vel nýttar. Voru þær leigðar út 282 sinnum á árinu. Sumarhúsin voru líka afskaplega vel nýtt og voru leigð út 209 sinnum.

Ný íbúð



Föstudaginn 9. október voru staðfest kaup á nýrri 3 herbergja íbúð að Mánatúni 13 í Reykjavík. Íbúðin er 125 fm. á 3. hæð og er kaupverðið 49.000.000 kr. Með kaupum á þessari íbúð er stjórn FVSA að koma til móts við félagsmenn með því að auka framboð á gistingu í Reykjavík. FVSA á nú 5 íbúðir í Reykjavík. Fjórar verða í almennri leigu fyrir félagsmenn og verður ein leigð til félagsmanna sem þurfa að sækja lækniþjónustu til höfuðborgarinnar. Tekin var ákvörðun um að 2 herbergja sjúkraíbúð félagsins komi í almenna leigu og nýja 3 herbergja íbúðin verði nýtt sem sjúkraíbúð.



Greiðslur úr orlofssjóði

Undir liðnum “Vika að eigin vali” voru greiddir 73 orlofsstyrkir að samtals 1.447.883 kr. 23 félagsmenn fengu útilegukort og nam heildargreiðslan 342.700 kr. Niðurgreiðsla gistinga á Eddu- og Fosshótelum og inneignarbréf Flugfélags Íslands voru samtals 755.400 kr. Einnig var félagsmönnum boðið upp á að kaupa Veiðikortið, Útilegukortið og miða í Hvalfjarðargöng á kostnaðarverði.

Námskeið og Starfsmenntastyrkir

Trúnaðarmenn

Fjögur trúnaðarmannanámskeið voru haldin í samvinnu við önnur stéttarfélag í húsinu eins og áður. Þátttakendur frá FVSA voru átta talsins.

Starfsdagur trúnaðarmanna

Starfsdagur trúnaðarmanna félagsins var haldinn 19. janúar og voru þátttakendur 23 talsins.

Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR, 1. varaforseti ASÍ og varaformaður LÍV kom og fór yfir stöðuna í kjaramálum.



Elías G. Magnússon forstöðumaður Kjaramálasviðs VR fór einnig vel og vandlega yfir kjarasamninginn frá A til Ö. Að lokum kusu trúnaðarmenn 8 fulltrúa úr sínum hópi í trúnaðarráð og 4 til vara.

VR-Skólinn

FVSA hefur verið í samstarfi við VR ásamt Einingu-löju um VR-Skóla lífsins. Þetta er námskeið fyrir ungt fólk sem fer fram á netinu auk einnar kvöldstundar með reyndum ráðgjöfum frá Dale Carnegie. Námskeiðið var haldið 25. júní og útskrifuðust 30 þátttakendur það kvöld.

Góð samvinna var á milli nokkurra fyrirtækja í bænum og FVSA um að hvetja starfsmenn og verðandi starfsmenn til þátttöku.



Starfsmenntasjóðir


FVSA er aðili að tveimur starfsmenntasjóðum. Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks (SVS) og Starfsmenntasjóði verslunarinnar (SV). Aðild fer eftir því hvorum kjarasamningi atvinnurekandi fylgir. Stjórn SV samþykkti nýjar reglur sem taka að fullu gildi 1. janúar 2017. Samskonar reglur tóku gildi í sjóði SVS þann 1. janúar sl.

Um áramótin 2015-2016 hófst eins árs aðlögunartímabil sem felur í sér að félagsmenn sem eiga réttindi í sjóðnum geta sótt um styrk samkvæmt því kerfi sem hentar þeim betur. Þannig fá þeir sem eiga mörg uppsöfnuð stig í sjóðnum tækifæri til að nýta þau til loka árs 2016, en á

sama tíma fá þeir félagsmenn sem hagnast meira á nýju reglunum tækifæri til að sækja um samkvæmt þeim. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins.


Greiddir voru 403 fræðslustyrkir á síðasta ári, samtals 16,5 milljónir króna. Framlag atvinnurekanda á okkar félagssvæði inn í sjóðinnu voru um 17,8 milljónir og rúmar 4,6 frá FVSA.

Meðaltalsupphæð hvers styrks er 41.061 kr.



Sjúkrasjóður

5 fundir voru haldnir í stjórn sjúkrasjóðs á starfsárinu. Heildar greiðslur úr sjúkrasjóði lækkuðu á milli ára og voru rúmar 47,6 milljónir fyrir árið 2015. Árið 2014 voru þær 51,5 milljónir. Sjúkradagpeningar voru greiddir til 43 félagsmanna samtals að upphæð 19,9 milljónir kr. 982 félagsmenn fengu styrki að upphæð 27.704.955 kr.



Aðalmenn í stjórn sjúkrasjóðs eru:

- Signý Sigurðardóttir
- Þórdís Bjarnadóttir
- Guðríður Þorsteinsdóttir
- Álfhildur Vilhjálmsdóttir
- Eiður Stefánsson

Varamenn:

- Kristín Þorgilsdóttir,
- Lilja S Jóhannsdóttir
- Stefán Jónsson.



Stjórn Sjúkrasjóðs

Uppstillinganefnd

Uppstillinganefnd skipa þau Guðlaug María Óskarsdóttir, Einar Hjartarson og Jón Grétar Rögnvaldsson. Nefndin hélt tvo fundi á árinu. Tillögur uppstillinganefndar fyrir stjórn, trúnaðarráð, stjórn sjúkrasjóðs, kjörnefnd og skoðunarmenn fyrir starfsárið 2016-2017 var lagt fyrir stjórn og trúnaðarráð þann 27. janúar og voru þær samþykktar.

Trúnaðarráð

Í trúnaðarráðinu sitja stjórnarmenn og varamenn stjórnar félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna, 5 þeirra skulu kosnir eftir sömu reglum og til sama tíma og stjórn og 5 til vara. 8 félagsmenn og 4 til vara sem trúnaðarmenn félagsins kjósa árlega úr sínum hópi.

Aðalmenn

Jón Haraldur Lárússon – Húsasmiðjan
Áslaug Júlíusdóttir – Eimskip
Laufey Dóra Guðbjargardóttir – Rúmfatalagerinn
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson – Flugfélag Íslands
Erla Bjarnadóttir – Höldur
Guðmundur L. Helgason – VÍS
Laufey Ingadóttir – Samkaup Nettó
Katrín Helgadóttir – Hótel Kea
Helga Eymundsdóttir – Blikkrás
Guðlaug Óskarsdóttir – Advanía
Margrét Brynjólfssdóttir – Ferro Zink
Sigurbjörg Gunnólfssdóttir – Primex ehf
Kristín B Hjaltalín – Kjarnafæði

Varamenn

Ingvar Gunnarsson – Byko
Gísli Sveinn Gretarsson – Penninn
Katrín Guðrún Pálsdóttir – Vífilfell
Hallveig Stefánsdóttir – Grófargil
Hanna Sigríður Magnþórsdóttir – Bónus Langholti
Sigurlaug Hinriksdóttir – Samkaup Strax
Anna Hafdís Jóhannesdóttir – Samkaup Úrval Dalvík
Sigurlaug Stefanía Einarsdóttir – Olís
Bergþóra Jóhannsdóttir – Frumherji

Kjörstjórn

Kjörstjórn kom fyrst saman 11. maí 2015 vegna atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun félagsmanna. Kosningum lauk 19. maí og voru niðurstöður svohljóðandi:

Félagsmenn sem tilheyra kjarasamning FVSA, LÍV og SA.

1493 á kjörskrá

Kosningaþátttaka 28,94%

Já	74,5% (322)
Nei	22,7% (98)
Auð atkv.	2,8% (12)

Félagsmenn sem tilheyra kjarasamning FVSA, LÍV og FA.

28 á kjörskrá

Kosningaþátttaka 57,14%

Já	50% (8)
Nei	50% (8)
Auð atkv.	0% (0)

FA fellur á jöfnu og því ekki boðað verkfall. Ljóst var að yfir 99% félagsmenn voru á leið í verkfall 6.júní sl.

1. júní var svo nýr kjarasamningur undirritaður sem gildir til loka árs 2018 og aftur var blásið til kosninga um nýgerðan kjarasamning sem stóð yfir í 12 daga.

Kosningum um undirritun lauk 22. júní og voru niðurstöður svohljóðandi:

Samningur FVSA/LÍV og SA

1612 á kjörskrá

Kosningaþátttaka 22,77%

Já	78,7% (289)
Nei	20,2% (74)
Auð atkv.	1,1% (4)

Samningur FVSA/LÍV og FA

28 á kjörskrá

Kosningaþátttaka 35,71%

Já	90% (9)
Nei	10% (1)
Auð atkv.	0% (0)

Í Kjörstjórn sitja

- Helga Eymundsdóttir
- Einar Hjartarson
- Guðmundur Helgason (formaður)

Skrifstofur og þjónusta

Skrifstofa félagsins er opin alla virka daga frá 08:30 til 16:00

Starfsmenn



Eiður Stefánsson
Formaður



Eydís Bjarnadóttir
Afgreiðslu- og
fræðslufulltrúi



Guðlaug M. Óskarsdóttir
Þjónustufulltrúi



Kristín Þorgílsdóttir
Skrifstofustjóri

Úlfhildur

Rögnvaldsdóttir lét af störfum sem formaður FVSA á aðalfundi félagsins í febrúar 2015 en var starfandi hjá félaginu fram á haust það sama ár. Guðlaug María Óskarsdóttir var ráðin til FVSA á vormánuðum 2015.

Þjónusta

Aðalskrifstofa Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni er á Akureyri. Félagið er með fjóra starfsmenn í 3,6 stöðugildum. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélag sameiginlega skrifstofu og er hlutur FVSA í rekstrinum 11%

Þó nokkuð álag hefur verið á skrifstofu félagsins á liðnu starfsári og má segja að allt hafi farið á hvolf þegar kosið var um heimild til verkfalls og nýgerðan kjarasamning. Fyrirspurnum til félagsins fjölgaði mikið. Mörg voru vafaatriðin sem upp komu varðandi fyrirhugað verkfall, og mörg ár síðan FVSA fór í verkfall síðast 1988. En Stjórn og starfsmenn félagsins ásamt lögfræðingum náðu að leysa öll mál sem upp komu. Margir fundir voru haldnir í tengslum við þessa kjarabaráttu. Þetta var góður skóli fyrir starfsmenn, stjórn félagsins, Trúnaðarráð og kjörstjórn félagsins.

Almenn starfssemi var hefðbundinn á árinu. Félagsmenn eru duglegir að hafa samband við skrifstofu félagsins og fá aðstoð varðandi kaup og kjör. Vel á annan tug mála komu upp þar sem félagið aðstoðaði félagsmenn við að fá laun leiðrétt og greidd. Í sumum tilfellum er um háar fjárhæðir að ræða.

Félagsmenn nýta sér vel þá þjónustu og það framboð sem félagið býður upp á í orlofshúsum, íbúðum í Reykjavík, gistimiðum, inneignarbréf í flugi og miða í Hvalfjarðargöng. Það er markmið stjórnar FVSA og starfsmanna að veita félagsmönnum okkar góða þjónustu.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

